

**Ed.**

**277. Nefndarátt**

um frv. til laga um skatt af lóðum og húsum í Siglufjarðarkaupstað.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og þykir sem það þurfi nokkurra lagfæringa við áður en það yrði gert að lögum.

Væri skatturinn miðaður við það, að bæjarsjóður Siglufjarðar greiddi alt viðhald sjóvarnargarðsins, gæti það ef til vill rjettlætst, að hann væri hafður helmingi hærri á lóðunum en á húseignunum. En nú er, eins og greinargerð frumvarpsins sýnir, bygt á því, að viðhaldskostnaðurinn hvíli að hálfu á bæjarsjóði og að hálfu á ríkissjóði. Og frá því sjónarmiði getur það naumast talist sanngjarnt, að skattur þessi sje látinn vera helmingi hærri á þeim fasteignum, sem eru eign ríkissjóðs, heldur en hinum, sem aðrir eru eigendur að. Nefndin telur því rjett að þoka þannig til með skattinn, að hann verði jafnhár á húsum og lóðum.

Þá þykir og nefndinni rjett, þótt leigutakar eða notendur lóðanna greiði skattinn af þeim, að þá borgi aftur á móti eigendur húsanna, en ekki leigjendur, þann hluta skattsins, sem á þeim hvílir. Með tilliti til þessa vill nefndin breyta 2. gr. frumvarpsins um leið og hún leggur það til, að innheimtulaunin sjeu í stað 4% sett 2%, með því að hún lítur svo á, sem það muni nægja.

Þar sem svo hagar til, að ríkissjóður er hjer eigandi kaupstaðarlóðanna, virðist það eigi geta komið til mála, að skattur þessi hvíli á lóðunum með veðkröfurjetti. Nefndin telur því þörf á að breyta ákvæðum 3. gr. frumvarpsins þannig, að veðkröfurjetturinn hvíli aðeins á húseignunum, en ekki lóðunum, líkt og gert var í frv. til laga um bæjargjöld í Vestmannaeyjum, sem deildin hefir nýlega haft með höndum, enda eru sömu ástæðurnar fyrir hendi að því er snertir báða þessa kaupstaði.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin það til, að háttv. deild samþykki frumvarpið með eftirfarandi

#### BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. a. Á undan orðinu »lóðum« í 1. tölul. komi: húsum og.  
b. Í stað »6 af þúsundi« í 1. tölul. komi: 4 af þúsundi.  
c. 2. tölul. falli niður.  
d. Í stað orðanna »3 af þúsundi af húsum« í 3. tölul. komi: 2 af þúsundi. Skatturinn telst af fullum hundrað krónum virðingarverðsins; minni upphæð en 100 kr. kemur ekki til greina.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:  
Skatturinn greiðist á manntalsþingi af eigendum húsa og leigutökum lóða eða notendum, sem samkvæmt byggingarbræfi eða öðrum heimildum hafa umráð þeirra. Bæjarsféti Siglufjarðar innheimtir skattinn gegn 2% innheimtulaunum, í fyrsta sinn á manntalsþingi 1927.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:  
Skattinn má taka lögtaki, og gengur hann í tvö ár frá gjald-daga fyrir öllum veðkröfum á húseign þeirri, er hann hvílir á, næst eftir fasteignarskatti ríkisins.  
Nú greiðir leigutaki eða notandi lóðar eigi skattinn í tvö ár, og hefir hann þá fyrirgert leigurjetti eða afnotarjetti sínum.

Alþingi, 3. apríl 1926.

Jóh. Jóhannesson, Eggert Pálsson, Guðm. Ólafsson.  
formaður. fundaskr. og frsm.